# Stuðningur og þarfir fyrir heilbrigt kynlíf

*Reynsla starfsfólks í Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana*

2. maí 2024


Gerður Aagot Árnadóttir heimilislæknir og Valgerður Bára Bárðardóttir geðhjúkrunarfræðingur

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana


HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana

- Sinnir fullorðnum einstaklingum með taugaþroskaröskun, þroskahömlun og klínískan geðrænan vanda
- Þverfaglegt teymi
  - Atferlisfræðingur, geðlæknir, heimilislæknir, geðhjúkrunarfræðingar, sálfræðingur, þroskaþjálfar
- Tilvísanir frá heimilislækni, sérfræðilæknum og fagfólks geðsviðs
- Ekki langtíma eftirfylgni, vísað í heilsugæslu eftir meðferð í teymi
- Hefur starfað í 3 ár og sinnt 183 einstaklingum
- Stór hluti skjólstæðinga teymisins hefur orðið fyrir kynferðislegu áreiti/ofbeldi

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Fólk með þroskahömlun

- Há tíðni kynferðisofbeldis skv. erlendum rannsóknum
- WHO skýrsla um fötlun
- Fötlun og heilsa – Ísland 2017
- Ungt fólk með væga þroskahömlun eru mörg virkir þátttakendur í samfélaginu en eru útsett fyrir misnotkun
- Áhyggjur af ofbeldi tengt kynlífi
  - Í parasamböndum
  - Þegar fólk þekkist ekki mikið
  - Gegnum netið – stafrænt/myndir, tengsl gegnum samfélagsmiðla
  - Vændi

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Áhættuþættir

- Þroskahömlun, erfiðleikar við að meta aðstæður, yfirfærslu
- Tjáskipti – aukin hætta á ofbeldi ef fólk hefur takmarkað mál/málskilning
- Aðgreinandi úrræði/þjónusta/búseta
- **Viljinn til að gera öðrum til hæfis, láta líka við sig – „gullability“**
  - Uppeldið okkar stuðlar að þessu!
- **Vilji til að vera þátttakendur í samfélaginu og vera samþykkt**
- Erfiðleikar við að setja mörk – ekki síst tengt kynlífi
- Skortur á þekkingu hvað sé eðlilegt og gott og hvað ekki
- Skortur á fræðslu, handleiðslu, góðar upplýsingar og stuðning
- Netið!
- Klám

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Leiðir til úrbóta

- Styrkja sjálfsmynd
- Kenna og þjálfa óhlýðni!
- Minnka aðgreiningu, tryggja góð tjáskipti
- Stuðla að menningu sem þolir ekki ofbeldi
- Bæta fræðslu og aðlaga að einstaklingum með ólíkar þarfir á mismunandi aldri og ekki bara í skólanum
- Kenna samskipti kynjanna (lærist ekki af sjálfu sér)
- Bæta aðgengi að stuðningi og samtali um kynlíf

# Störf mín og reynsla í geðhjúkrun

- Starfað lengi við geðhjúkrun bæði erlendis og hérlendis.
- Starfað við hjúkrun jaðarsettra hópa eins og einstaklinga með fíknisjúkdóma og annan geðrænan vanda
- Áhuginn kviknaði á geðhjúkrun einstaklinga með einhverfu árið 2018 þegar ég starfaði á geðgjörgæslu LSH

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Geðhjúkrun í Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana

- Byrja í 100% starfi sem hjúkrunarfræðingur í GHT árið 2021
- Hef nám í klínísku meistaranámi í geðhjúkrun árið 2022 sem er samstarfsverkefni LSH-SAK-Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar
- Það vakti athygli mína í upphafi hve margir af mínum skjólstæðingum höfðu orðið fyrir ofbeldi bæði andlegu og kynferðislegu og að það vantaði öll  verkfæri til að veita viðeigandi aðstoð út frá fötlun skjólstæðings
- Úrræðaleysi og vöntun á viðeigandi og gagreyndum meðferðum hérlendis varðandi geðrænan vanda hjá skjóstæðingum teymisins

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Meistaraverkefni

- Stor hluti skjólstæðinga minna með margvísleg áföll sem hafa ahrif á geðheilsu og lífsgæði kveikti hugmynd að meistaraverkefni

- Tilgangur meistaraverkefnisins er að fá yfirlit yfir þær rannsóknir sem til eru um áfallameðferðir og nálganir hjá einstaklingum með þroskahömlun sem hafa orðið fyrir margskonar ofbeldi.

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Rannsóknarspurningar

- Hvaða meðferðarleiðir gagnast einstaklingum með þroskahömlun og áfallastreituröskun(e. Post traumatic stress disorder)

- Hverjar eru hindranirnar fyrir því að einstaklingar með þroskahömlun geti nýtt sér hefðbundin meðferðarform við áfallastreituröskun.

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Afhverju?

- Talið er að þroskahömlun er ein algengasta fötlunargreining í heimi á börnun undir 18 ára.
- Talið er 1-2% jarðabúa séu með þroskahömlunargreiningu
- Ákall að varpa ljósi á stöðu einstaklinga með fatlanir í samfélaginu og gerð hefur verið sú krafa að þeir njóti bestu mögulegra heilbrigðisþjónustu sem völ er á til jafns við aðra.

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Réttindi

- Ísland hefur undirritað samning Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um réttindi fatlaðs fólks.
- Í samningnum er ritað að aðildarríkin SKULU gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu og gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist sé einstaklinga með fötlun jafns við aðra.

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Áföll

- Umræða um áföll og áfallastreituröskun hefur farið vaxandi síðustu ár og mikilvægi þess að fólk fái viðeigandi meðferð við áfallastreituröskun.
- Þá er mikilvægt að hafa í huga að fólk með þroskahömlun gæti verið með sérstakar þarfir þegar það kemur að mati og meðhöndlun áfallastreituröskun og gætu þurft sérhæft inngrip þar sem tekið er tillit til vitrænnar færni.
- Að auki vil ég bæta því að allar rannsóknir sem voru skoðaðar í tengslum við rannsóknina benda á það að einstaklingar með þroskahömlun er í töluvert aukinni áhættu fyrir áföllum og eru því líklegri en aðrir að þróa með sér áfallastreituröskun

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Takk fyrir okkur

Velkomið að spyrja spurningar

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS